

56. stjórnarfundur Bergrisans bs.

15.05.2023

Staðsetning: Ráðhús Árborgar

Fundur hófst klukkan 10.30

Fundinn sátu: Fjóra Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Sandra Sigurðardóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir sem ritar fundargerð. Eyrún Hafþórsdóttir og Elliði Vignisson sátu fundinn í fjarfundarbúnaði.

Dagskrá

1. Fundargerðir þjónusturáðs nr. 168 og 169

Svava Davíðsdóttir formaður þjónusturáðs fór yfir fundargerðir þjónusturáðs. Eftirfarandi fundarliðir þarfnast staðfestingar stjórnar.

Tillaga **þjónusturáðs** **vegna** **réttindagæslu**
Þjónusturáð hefur áhyggjur af réttindagæslu fatlaðs fólks. Óstöðugleiki hefur verið í réttindagæslunni til lengri tíma og þá hefur upplýsingaflæði verið verulega ábótavant. Staðan hefur leitt af sér hindrun í þjónustu í stað þess að vera styðjandi við notendur eins og henni ber að vera lögum samkvæmt. Þjónusturáð leggur til við stjórn að fela formanni ráðsins og verkefnastjóra Bergrisans bs. að vinna erindi til ráðherra.

Stjórn samþykkir beiðnina og felur verkefnastjóra og formanni þjónusturáðs að vinna málið áfram.

Starfsreglur þjónusturáðs

Starfsreglur þjónusturáðs eru kynntar.

Stjórn samþykkir starfsreglur þjónusturáðs.

2. Ársreikningur 2022 lagður fram til kynningar og samþykktar

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fór yfir ársreikning Bergrisans bs. vegna ársins 2022.

Stjórn Bergrisans bs. samþykkir ársreikning 2022 samhljóða og staðfestir hann með undirritun sinni.

3. Lánabeiðni frá Arnardrangi hses vegna byggingar íbúðakjarna

Fyrir liggur lánabeiðni frá Arnardrangi hses vegna framkvæmda á byggingu íbúðakjarna við Nauthaga 2. Lánabeiðni er vegna framvindu 8 og 9 að upphæð 8.701.904 kr. Að auki er óskað eftir láni að upphæð 408.452 kr. vegna reikninga frá VSB verkfræðistofu sem hefur umsjón með verkefninu.

Stjórn Bergrisans samþykkir lánveitingu að upphæð 9.110.436 kr.

4. Umsóknir um aðgengisstyrki- verklag

Farið yfir verklag vegna umsókna um aðgengisstyrk

Sveitarfélög senda umsóknir um styrki samkvæmt áður útsendu verklagi til verkefnastjóra Bergrisans bs.

5. Önnur mál

Stjórn samþykkir að halda aukaaðalfund 15. júní klukkan 13:00 og felur verkefnastjóra að boða til fundarins.

Fundi slitið 11:22